

Ed. 347. Frumvarp til laga [144. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl.

Eftir 2. umr. í Ed., 28. febr.

1. gr.

Fjárhæð þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni, til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, skal varið sem hér segir:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, skulu fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir. Greiðsla olíustyrks fyrir desember 1976 skv. lögum nr. 9/1976 skal innt af höndum með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega.
- b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagní verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.
- c) Til að styrkja þá aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. a-lið.
- d) Til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi, sem verða að nota olíu til upphitunar. Skal styrkur á hvern nemanda í heimavist þann tíma, sem skóli starfar, vera sambærilegur við það sem veitt er á hvern einstakling skv. a-lið.

Viðskiptaráðuneytið ákveður fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni.

2. gr.

Olíustyrk til einstaklinga samkvæmt a-, c- og d-liðum 1. gr. skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.